

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Búðahverfi í Þorlákshöfn, deiliskipulag.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkti deiliskipulag fyrir Búðahverfi í Þorlákshöfn samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið fyrir Búðahverfi gerir ráð fyrir að svæðið minnki til muna. Lögð er áhersla á sveigjanleika hvað íbúðagerðir og -stærðir varðar.

Svæðið er u.þ.b. 14 ha að stærð og miðað við strjálbýla til meðalþétta byggð með blöndu af einbýlishúsum, parhúsum og raðhúsum, þá rúmast þar allt að 141 íbúð. Aðkoma að hverfinu er um safngötu, Biskupabúðir, sem liggur frá Hafnarbergi.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst, kynnt og hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Deiliskipulagið var lagfært í samræmi við ábendingar frá Skipulagsstofnun. Skipulagsstofnun samþykkti deiliskipulagið með bréfi dagsettu 6. mars 2019.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 21. mars 2019.

F.h. Sveitarfélagsins Ölfuss,

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.